

Náttúra Grindavíkur

Náttúra Grindavíkur er um margt einstök. Svæðið er ungt á jarðsögulegum mælikvarða og að mestu hulið nútímahraunum (hraunum sem runnið hafa eftur að jöklar síðasta jökulskeiðs tóku að hopa fyrir um 12.000-13.000 árum, sprungugos og dyngjugos). Vesturhluti sveitarfélagsins er láglandur og að mestu þakinn sandorpnu eða úfnum eldhraunum. Austar einkennist landslagið meira af móbergshryggjum. Gróðurfar á svæðinu einkennist af mosapembu. Ströndin er lítt vogskorin og engir ár eða lækir renna til sjávar ofanjarðar og vötn eru fá.

Fjölbreyttar jarðmyndanir eru í landi Grindavíkur, t.d. eldborgir, gjallagígar, dyngjur, stapar, keilur og móbergshryggir sem myndast hafa undir jökli og í sjó. Þar má finna bólstraberg, stuðlaberg og fjölmarga hraunhella. Mikinn jarðhita með ótrúlegum fjölbreytileika t.d. gufa, vatn og leir, brennisteinn og aðrar úrfellingar.

Jarðlagagerð í Grindavík skiptist í grágrýtishraun frá síðasta jökulskeiði, móbergs- og bólstrabergsmyndanir frá síðustu jökulskeiðum og hrauni frá nútíma. Móbergs- og bólstrabergsmyndanir eru fjölbreyttar. Þær eru flestar frá síðasta jökulskeiði sem hófst fyrir 120 þúsund árum. Á þeim tíma þakti jökull mestan hluta landsins og eldgos áttu sér stað undir jökli. Við slíkar aðstæður myndast móbergsstapar eða móbergshryggir með bólstrabergi, bólstrabrotabergi og móbergi. Nokkuð er um slíkar myndanir í landi Grindavíkur. Fagradalsfjall er dæmi um móbergsstapa.

Nútímahraun eru þau hraun sem runnið hafa frá lokum ísaldar. Jöklar hafa því ekki skafið þau eins og grágrýtishraunin. Nútímahraun eru víðlend í Grindavík og skiptast þau í tvo flokka eftir uppruna og útliti, Helluhraun og Apalhraun (eru meira áberandi).

Láglandi í landi Grindavíkur einkennist af hriplekum eldhraunum sem hleypa í gegnum sig mestallri úrkomu og því ekkert náttúrulegt afrennsli á yfirborði að finna. Úrkoman seytlar því niður í gropin hraunlögin og sprungur og rennur til sjávar sem grunnvatn.

Hitafar mótast af hlýju Atlantshafinu, SA- og A- áttir eru ríkjandi vindáttir í Grindavík. SA- átt er helsta úrkomuáttin og samfara henni er yfirleitt rigning eða suddi. Hrein A-átt er oft án úrkomu og þá verður hvað hlýjast í Grindavík, sérstaklega að sumar- og haustlagi. Þegar kemur fram á veturinn gerir SV- átt sig meira gildandi með hvimleiðum útsynningi og erfiðleikum í innsiglingu Grindvíkurhafnar. Éljugangur verður oft á tíðum mjög hraustlegur, þessari átt fylgir oft mikið brim og tilkomumiðkið sjávarlöður. Sé úrkoma lítil og loftið tiltöllumlega þurrt eins og gerist stundum við þessar aðstæður þá liggur seltumóða yfir Grindavík (Árni Bragason, Brynja Dögg Ingólfssdóttir, Ari Trausti Guðmundsson og Ólafur Árnason, 2010).